

**Nefndarsvið Alþingis. 182 mál**

**Tillaga til þingsályktunar um hert viðurlög við ölvunar- og vímuefnaakstri.**

Ökukennarafélag Íslands fagnar framkomnum hugmyndum um skipan starfshóps sem hefur það að markmiði að fækka tilfellum þar sem ölvunar- og vímuefnaakstur kemur við sögu og er áhrifavaldur.

Um þær leiðir sem fram koma í þingsályktuninni vill Ökukennarafélag Íslands benda á eftirfarandi:

1. Lækkun refsimarka úr 0,5 prómillum í 0,2 prómill vínanda í blóði og samsvarandi mæling öndunarsýnis. ÖÍ telur þetta jákvæða ráðstöfun sem getur dregið úr þeim misskilningi almennings (sem eflaust stafar af óljóstri framsetningu í núgildandi umferðarlögum) að óhætt sé að aka eftir að áfengis hefur verið neytt svo fremi vínandi í blóði nái ekki refsimörkum.
2. ÖÍ tekur undir þessar hugmyndir en vill jafnframt benda á: Um nokkurra ára skeið hefur verið í gildi ákvæði varðandi unga öikumenn með fyrsta bráðabirgðaökuskírteni að ef þeir gerast brotlegir við ákveðin atriði umferðarlaga eru þeir settir í akstursbann og geta ekki öðlast ökuréttindi að nýju fyrr en að loknu sérstöku námskeiði. Samkvæmt úttekt Samgöngustofu (áður Umferðarstofu) hafa þessar ráðstafanir skilað góðum árangri. Því ættu sömu aðferðir að geta gagnast eigi aðrir öikumenn hlut að máli.
3. ÖÍ hefur vissar efasemdir um hvort hækkun sektargreiðslna muni skila árangri? Þó mætti hugsa sér að tekjutengja sektir fyrir umferðarlagabrot eins og þekkist víða. Að hluti sekta renni í sérstakan forvarnasjóð telur ÖÍ jákvætt.
4. Öllum nýjum úrræðum við ölvunar- og vímuefnaakstri ber að fagna. Varðandi hert viðurlög þarf að skoða vel og gera sér grein fyrir hvort þau geti haft jákvæðar eða neikvæðar afleiðingar. Hins vegar telur ÖÍ mjög jákvætt að kanna ný úrræði sem gætu haft forvarnagildi.

Þetta er afstaða félagsins til þeirra afmörkuðu atriða sem fram koma í þingsályktunni. Félagið vill minna á að það er ávallt reiðubúið til samstarfs við stjórnvöld um allt sem varðar aukið umferðaröryggi.

Fyrir hönd Ökukennarafélags Íslands,  
Björgvin Guðnason, formaður.